



Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2026

SJÓN1LF05

Kennari	Íris Jónsdóttir – iris.jonsdottir@fss.is	 Íris Jónsdóttir Kennari
Viðtalstími	Mánudaga kl. 10:25 til 10:55 í stofu #302	
Námsefni	Ljósrit frá kennara og annað efni (farið á sýningar, listaverkabækur).	
Áfangalýsing	Í upphafi er áhersla lögð á forsendur klassískrar myndbyggingar. Nemendur kanna myndflötinn og eðli og merkingu línuspils og athuga þætti eins og stílfærslu í línunum og formum og hvernig hægt er að byggja upp reglulegt mynstur á fleti. Nemendur hljóta þjálfun í því að beita litum á markvissan hátt. Þeir kanna einföld tengsl lita og forma og skoða breytilega merkingu hluta eftir eðli þess efnis sem hluturinn er búinn til úr.	
Námsmat og vægi námsmatsþátta	Skilyrði til að ljúka áfanganum er að nemandi klári öll verkefni sem lögð eru fyrir og skili á réttum tíma.	
	Símatsáfangi ☒	Lokapróf ☐
	Sleppikerfi ☐	
	Heiti	Vægi
	Verkefni	50%
	Skissubók	40%
	Virkni í kennslustundum	10%
Reglur áfanga	Athugasemdir vegna viðveruskráningar verða að berast kennara innan viku. Nemendur skulu ávallt ganga frá eftir sig eftir kennslustund. Slökkt skal vera á farsímum í kennslustundum nema að annað sé tekið fram.	
Annað sem kennari vill láta koma fram	Efnisgjald; sjá Innu Það sem nemandi þarf að kaupa: Teikniblýantar: HB, 2B, 4B og 6B Strokleður og yddari Skissubók 2 x svarta tússliti, mjóan og breiðan Akrýllitir – grunnlitir – gulur, rauður, blár, svartur og hvítur Penslar fyrir akrýlliti	

Grunnpættir menntunar	Listgreinalæsi er hæfni til að skilja, skapa, meta og tjá sig í gengum listir eins og tónlist, myndlist, leiklist og dans. Það felur í sér að túlka listir og nota skapandi tjáningu. Sjálfbærni í listgreinum felst í að skapa og vinna með efni og hugmyndir á ábyrgan hátt með tilliti til umhverfis, samfélags og menningar. Heilbrigði og velferð í listgreinum felst í að efla líðan, sjálfstraust og tjáningu með skapandi vinnu og þátttöku í listum. Lýðræði og mannréttindi í listgreinum felast í að allir fái að tjá skoðanir sínar, virða aðrar og taka þátt í skapandi starfi á jafnréttisgrundvelli. Jafnrétti í listgreinum felst í að allir hafi sömu tækifæri til þátttöku, tjáningar og sköpunar óháð kyni, uppruna eða getu. Sköpun í listgreinum felst í að sýna frumkvæði, nota hugmyndaflug, skapa nýjar hugmyndir og tjá sig á persónulegan og skapandi hátt.
------------------------------	---

Þekking	Leikni
Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • grunnhugtökum í lita og formfræði • ólíkum áhrifum lína og forma á mismundandi stöðum í myndfleti • mismunandi áhrifum og vægi lita • blöndun og beitingu ljós- og efnislita • klassískum fegurðarlögmálum og notkun þeirra í myndlist, hönnun og byggingarlist	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • beita litum og formum til að ná fram mismunandi áhrifum • nota grunnhugtök í lita og formfræði • nota mismunandi efni og blanda liti • nota verk nokkurra myndlistamanna og hönnuða sem innblástur fyrir eigin vinnu
Hæfni	
Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • rannsaka óhlutbundna myndbyggingu • nýta grundvallaratriði í myndbyggingu, lita og formfræði til að tjá eigin hugmyndir • rökstyðja skoðanir sínar um málefni sem tengjast mismunandi merkingu lita, forma og efnis • nýta og meðhöndla mismunandi efnistegundir bæði í tvívíðum og þrívíðum verkum	

Vinnuáætlun		
Tímasókn	15 vikur x 4 klst.	60 klst.
Heimavinna	15 vikur x 2 klst.	30 klst.
Rannsóknarvinna	3 x 2 klst.	6 klst.
Undirbúningur fyrir skil	12 klst.	12 klst.
Undirbúningur fyrir sýningu	2 klst.	2 klst.
Alls		110 klst. = 5 feín*

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
SJÓN1TF05 1. vika 19.-21. ágúst	Kynning – kennsluáætlun – formfræði – myndband Formfræði – teikning	Heimavinna: ýmis rannsóknarvinna, 2 skissur á viku í skissubók, lágmark.
2. vika 24.-28. ágúst	Formfræði – teikning – myndband Formfræði – teikning – uppstilling	Skissubók – 2 skissur (4)
3. vika 31. ágúst-4. september	Uppstilling – teikning Fjarvidd – teikning	Skissubok – 2 skissur (6)
4. vika 7.-11. september	Fjarvidd – teikning	Skissubok – 2 skissur (8)
5. vika 14.-18. september	Fjarvidd – teikning Módelteikning	Skissubok – 2 skissur (10)
6. vika 21.-25. september	Módelteikning	Skissubok – 2 skissur (12)
7. vika 28. september-2. október	Módelteikning	Skissubok – 2 skissur (14)
SJÓN1LF 8. vika 5.-9. október	Frágangur og verkefnaskil til kennara Kynning – kennsluáætlun – formfræði – myndbygging Formfræði – myndbygging	Skissubok – 2 skissur (16)
9. vika 12.-16. október <i>Námsmatsdagur 12. okt. Miðannarmat 13. okt.</i>	Formfræði – myndbygging – gullinsnið Formfræði – lítafræði	Skissubok – 2 skissur (18)
10. vika 19.-23. október <i>Vetrarleyfi 23. október</i>	Formfræði – lítafræði Formfræði – lítafræði – jafnvægi og þungi	Skissubok – 2 skissur (20)
11. vika 26.-30. Október <i>Vetrarleyfi 26. október</i>	Formfræði – lítafræði – jafnvægi og þungi Formfræði – lítafræði – línur og túlkun	Skissubok – 2 skissur (22)
12. vika 2.-6. nóvember	Formfræði – lítafræði – línur og túlkun – undirbúningur lokaverkefnis	Skissubok – 2 skissur (24)
13. vika 9.-13. nóvember	Lokaverkefni – úrvinnsla	Skissubok – 2 skissur (26)
14. vika 16.-20. nóvember	Lokaverkefni – úrvinnsla	Skissubok – 2 skissur (28)
15. vika 23.-27. nóvember <i>Dimissio 27. nóvember</i>	Lokaverkefni – úrvinnsla	Skissubok – 2 skissur (30)
16. vika 30. nóvember-4. desember	Frágangur, skil á verkefnamöppu og skissubók	Skissubok – 2 skissur (32)

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Íris Jónsdóttir